

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma í Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Varnarlínur.

1. gr.

Aðalvarnarlinur sýslunnar eru Þjórsá, Jökulsá á Sólheimasandi og Markarfljót. Stefnt er að því að girða sem fyrst á hreppamörkum vestan Markarfljóts og færa varnarlinuna þangað.

Ytri-Rangá er aukavarnarlína.

Varnamörkin eru girðingar með vatnsföllum þessum, annars árnar og sýslumörk þar sem ánum sleppir.

2. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingu að loka því trygglega. Ennfremur er öllum skylt að láta Sauðfjárveikivarnir eða fulltrúa þeirra vita án tafar um augljósar bilanir á varnargirðingum.

3. gr.

Ekki má flytja sauðfé (geitur) til lífs eða dvalar yfir Þjórsá, Jökulsá eða Markarfljót. Sauðfjárveikivarnir geta þó leyft flutning yfir Markarfljót við ríkjandi aðstæður, ef sérstaklega stendur á, en aðeins innan V-Eyjafjallahrepps og að höfðu samráði við hreppsnefnd.

Leyfð er heimtaka úr réttum yfir Ytri-Rangá en aðrir fjárflutningar til lífs og dvalar bannaðir án leyfis Sauðfjárveikivarna. Vinna skal að fækkun þess fjár, sem fer yfir Ytri-Rangá með því að lóga lömbum og flækingsfé.

Leyfi Sauðfjárveikivarna þarf til flutnings nautgripa yfir varnarlinurnar.

4. gr.

Stefnt er að því að öll slátrun sauðfjár og nautgripa verði í sýslunni. Ekki skal að nauðsynjalausu flytja sláturgripi úr sýslunni. Sé þess þó þörf, skal nota bíla úr Rangárvallasýslu. Sláturfélag Suðurlands má þó nota eigin bíla við flutning á nautgripum til Selfoss, enda séu aðeins sendir nýsótthreinsaðir bílar austur yfir Þjórsá, flutningar skipulagðir með tilliti til smithættu þ. e. byrjað austast og síðast tekið á sýktum bæjum vestur um, en brýnt fyrir bílstjórum og aðstoðarmönnum að sýna fyllstu varúð varðandi fótabúnað (hlífðarskór) og hlífðarföt.

Afhenda ætti alla sláturgripi við dyr peningshúss eða réttar.

Sláturgripi má flytja án takmarkana innan sýslu. Þó skal ætíð fylgja reglum um hreinsun flutningstækja. Búa skal um flutningsrými bíla í samræmi við reglugerð um gripaflutninga og viðhalda þannig (t. d. mála) að snyrtilegt sé og auðvelt að hreinsa. Ekki má flytja lífgripi með sláturflutningabilum og alls ekki má fá bíla úr öðrum héruðum til gripaflutninga án sérstaks leyfis viðkomandi héraðsdýralæknis í Rangárvallasýslu hverju sinni.

Við hrossaflutninga til sýslunnar og innan hennar skal gæta þess að hey eða skítur sauðfjár og nautgripa í öðrum varnarhólfum berist ekki í flutningstækjum eða með hrossunum og verði eftir í sýslunni né heldur frá sýktum bæjum eða svæðum til ósýktra eða minna sýktra.

5. gr.

Skipuleggja skal flutninga sláturfjár með tilliti til smithættu. Hreinsa skal reglulega bíla, sem flytja sláturgripi og samkvæmt reglum þar um í samráði við

héraðsdýralækni. Eyða skal meindýrum og verja vargfugli og hundum aðgang að úrgangshaugum með því að breiða yfir eða hylja daglega allan úrgang. Senda skal eftir því sem unnt er og í samráði við dýralækni sýni úr gripum sem drepast eða er lógað vegna gruns um smitsjúkdóm eða vegna vanþrifa.

Flutningar inn í sýsluna á ósviðnum hausum, löppum, ristlum, ristlamör og öðrum óverkuðum sláturafurðum eru stranglega bannaðir.

6. gr.

Heyflutningar eru bannaðir austur yfir Þjórsá, Markarfljót og Jökulsá nema nauðsyn krefji og óhætt sé að dómi Sauðfjárveikivarna. Heyflutningar vestur yfir nefndar varnarlinur eru hættulitlir og oftast leyfðir. Sérstakt leyfi þarf þó hverju sinni. Sama gildir um túnþökuflutning.

7. gr.

Bannað er að flytja óhreina ull austur yfir Þjórsá, Markarfljót og Jökulsá. Nota skal hreinar umbúðir um ull.

Óæskilegt er, að fengnir séu menn úr öðrum héruðum til vérlúnings á fé í sýslunni og stranglega er bannað að nota vélklippur, sem rúíð hefur verið með utan sýslunnar.

Bannað er að flytja inn í sýsluna búfjáraður, vélar, tæki og annað, sem saurmengast hefur eða komið í beina snertingu við sauðfé eða nautgripi í öðrum héruðum.

8. gr.

Fararstjórum hópferða til skoðunar búfjár á húsi er skylt að útbýta á hverjum bæ til hvers manns einnota hlífðarskóm eða plastpokum til að draga úr smithættu.

Öllum þeim, sem starfs síns vegna fara frá bæ í gripahús er skylt að gæta varúðar varðandi fótabúnað og hlífðarföt, einkum þegar farið er milli varnarhólfa. Gripaeigendur skulu hafa tiltæka aðstöðu til skóþrifa í gripahúsum sínum, útbúna í samráði við héraðsdýralækni.

II. KAFLI

Afréttarmál.

9. gr.

Skylt er að litarmerkja með löggiltum eyrnamerkjum í grænum lit eða með lakkmalningu í sama lit allt fé, sem flutt er á afrétt eða fer þangað og eins allt fé, sem gengur nálægt varnarlinum í byggð.

10. gr.

Ljúka skal viðgerð varnarlína að vori svo fljótt sem kostur er og ekki má sleppa fé á afrétt fyrr en viðgerð er lokið.

11. gr.

Alvarlega er varað við að flytja á afrétt óhagvant eldra fé eða túnára vegna hættu á flækingi. Ekki skal flytja á afrétt grunsamlegar vanþrifnar kindur eða kindur með mikla skitu. Rétt er að ormahreinsa féð skömmu áður en því er sleppt á afrétt til að draga úr mögnun ormasmits við afréttargirðingar.

Óvarlegt er að flytja á afrétt fé úr hjörðum þar sem garnaveiki hefur verið staðfest og skal það ekki gert nema stjórn viðkomandi sveitar og upprekstrarfélags leyfi. Óheimilt er að taka utansveitarfé á afrétt nema til komi leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

12. gr.

Öllum kindum, sem fara af sjálfsdáðum yfir varnarlinur (línuþróttar) skal lóga. Gera skal það verð úr sem unnt er og senda líffæri til rannsóknar að Keldum (haus og innnyfli nema vömb). Líffærasending er skilyrði fyrir bótagreiðslum til eigenda.

Eftirtöldum aðilum er skylt að hafa strangt eftirlit með því í öllum fjallgöngum og réttum, að „línuþróttar“ og allar veikar kindur og grunsamlegar séu tafarlaust teknar úr fjársafni, einangraðar og þeim lógað: **Fjallkóngar** við alla meðferð fjár á afrétti og í flutningum á fé til byggða (rétt), **réttarstjórar** við alla meðferð í réttum og við réttir og **hreppstjórar** samkvæmt lögum. Sama skylda hvílir á öllum bændum við smölun heimalanda og innrekstra.

13. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er, samræma lögboðnar smalanir heimalanda. Sveitarstjórnnum og afréttarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til einangrunar línuþróttar og veikra kinda á innrekstrarstöðum.

Ekki skal flytja línuþróttar eða veikar kindur með líffé heim á bæi eða til rétta. Slíkt fé skal flytja beint til sláturhúss sé þess nokkur kostur; annars halda í öruggri einangrun sem skemmstan tíma til lögunar. Skylt er þeim sem ábyrgð bera skv. 12. gr. að gera grein fyrir marki, auðkennum og útliti kindanna, hvar þær komu fyrir og hvar líklegast er að línuþróttar hafi farið yfir varnarlinu.

14. gr.

Sérstaka aðgát skal sýna við sundurdrátt á fé vegna nokkurs fjölda sammerkinga og námerkinga við aðliggjandi héruð. Ómerkingum, sem ekki finnast eigendur að og öðrum vafakindum skal lóga, en ekki selja til lífs.

15. gr.

Alvarlega er varað við kaupum og sölum á fé milli sveita og hvers konar flutningum öðrum með einstakar kindur (hrúta) eða fjárhópa; búferlaflutningum með fé, fóðurtöku, láni og leigu, töku í hagagöngu eða flutningi á afrétt á meðan óvissa ríkir um útbreiðslu smitsjúkdóma innan sýslunnar og í aðliggjandi héruðum.

Aðgát skal höfð við hrútasýningar og aðrar búfjársýningar og ekki má flytja á sýningarstað gripi frá garnaveikibæjum eða bæjum þar sem smitsjúkdómar aðrir herja. Skylt er að leita upplýsinga um þetta hjá viðkomandi héraðsdýralækni. Hliðstætt gildir um sauðfjársæðingar.

Leggja skal kapp á að samstillta og samræma innan sveitar og milli sveita varnaraðgerðir og notkun varnarlyfja gegn uppkomu mögnun og útbreiðslu smitsjúkdóma í búfé. Sem dæmi er þetta:

Bólusetja skal öll ásetningsslömb gegn garnaveiki svo snemma hausts sem kostur er, merkja þau um leið og bóluset er og fara aðra yfirferð til skoðunar árangurs og endurbólusetningar sbr. reglugerð þar um. Alvarlega er varað við því að ala kálfa í fjárhúsum og hafa fé í fjósi. Veikar kindur og grunsamlegar skal einangra og þrifa bæli þeirra á eftir. Aldrei má láta þær til lambanna, lausar í hlöðu eða í fjós.

Samstillta skal með tilliti til samgangs fjár og framkvæma með vandvirkni og eftir reglum þar um þrifaböðum sauðfjár og útrýmingarstöðum kláðamaurs, einangra til böðunar kindur, sem síðar heimast og þrifa fjárhús.

Beita ætti skipulega varnarbólusetningu gegn uppkomu og útbreiðslu lungnapestar. Bólusetja ætti um skeið á bæjum, sem næst liggja og mestan fjársamgang hafa við bæi, þar sem lungnapest kemur upp.

16. gr.

Reglur þessar eru settar samkv. heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 og 12/1967 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsfjarðar nr. 220 10. ágúst 1972.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Húseigandi sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar eða breytingar á eldri lögn skal leggja fram teikningar af vatnskerfi ef óskað er.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er lagt að sbr. 5. gr. skal greiða vatnsskatt 0.15% af fasteignamatsverði húss og lóðar eins og það er hverju sinni, þó þannig að lægsta gjald af íbúð eða fasteign skal vera kr. 7 500. Lágmarksgjöld breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati. Gjald dagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatts skv. 9. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskattinn skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 20.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Leiga fyrir mæli skal vera kr. 10 000.00 á ári. Gjald dagi aukavatnsskatts skal vera ársfjórðungslega.

4. gr.

12. gr. hljóði svo:

Aukavatnsskatta skv. 9. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 200.00 fyrir hvern rúmmetra, þó aldrei minna en kr. 5 000.00 hverju sinni. Gjald þetta greiðist við móttöku.
2. Fyrir fiskibáta og skip sem gerð eru út frá Ólafsfirði skal greiða sem hér segir:

Fyrir báta 12 tonn og minni kr. 10 000 á ári.

Fyrir báta frá 12 tonn og allt að 100 tonn kr. 25 000 á ári.

Fyrir skip stærri en 100 tonn kr. 100 000 á ári.

Gjald dagi er 1. júlí ár hvert.

3. Af þvottaplönum greiðist kr. 50 000 á ári. Gjald dagi er 1. júlí ár hvert.
4. Fyrir önnur vatnsafnot skv. ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni. Gjöld skv. grein þessari breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati.

5. gr.

13. gr. hljóði svo:

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann